

Umhverfisstofnun
b.t. Hákonar Ásgeirssonar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Höfn í Hornafirði, 21. desember 2016
Tilvísun: **UST201612-075**

Efni: Skógaheiði framlenging á skyndilokun - beiðni um umsögn.

Samtök náttúrustofa hafa fengið til umsagnar frá Umhverfisstofnun erindi um framlengingu á skyndilokun á gönguslóða ofan Skógafoss á Skógaheiði meðan á framkvæmdum stendur.

Samkvæmt 25. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 getur Umhverfisstofnun takmarkmarkað umferð eða lokað svæði vegna hættu á gróðurskemmdum. Í 25. gr. segir m.a. „ *Ef sérstakar aðstæður skapast þar sem veruleg hættu er á tjóni af völdum óvenjumikillar umferðar eða vegna sérstaklega viðkvæms ástands náttúru getur Umhverfisstofnun ákveðið að takmarka umferð eða loka viðkomandi svæði tímabundið fyrir ferðamönnum... Takmörkunin eða lokunin skal að jafnaði ekki standa lengur en tvær vikur.* “

Í erindi frá Umhverfisstofnun kemur fram að ekki hafi tekist að klára framkvæmdir á Skógarheiði á sl. tveimur vikum eins og áætlað var. Ljóst er að framkvæmdir munu tefjast fram yfir áramót. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að göngustígurinn á Skógarheiði verði lokaður áfram þar til framkvæmdum verður lokið.

Núverandi gönguslóði og umhverfi hans er mjög illa farið vegna fjölda ferðamanna sem og hlýinda og mikillar vætutíðar.

Samtök náttúrustofa eru samþykkt framlengingu á skyndilokun á gönguslóða ofan Skógafoss meðan á framkvæmdum stendur og unnið er að þörfum endurbótum. Áður höfðu Samtök náttúrustofa samþykkt skyndilokun á þessu svæði, með bréfi dagsettu 9. desember 2016.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Kristín Hermannsdóttir